

## L Ö G

um

29  
31. maí

viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Til dýpkunar og umbóta á höfninni í Vestmannaeyjum veitist  $\frac{1}{3}$  kostnaðar, alt að 70 þúsund krónur, úr ríkissjóði, gegn tvöföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson,*